ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 4. febrúar 1998 • 5. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Heilbrigðisstofnunin

Starfsfólk í eldhúsi hætt

Allt starfsfólk eldhúss Heilbrigðisstofnunar að Torfnesi að matreiðslumeistaranum undanskildum hætti störfum á föstudag vegna deilna við stjórnendur stofnunarinnar um breytt verksvið og launakjör. Allt starfsfólkið tilkynnti veikindi á fimmtudag og einn starfsmaður var látinn hætta störfum vegna ummæla sem hann hafði frammi um stjórnendur stofnunarinnar.

Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar gekk sjálfur til verka í eldhúsinu á fimmtudag og föstudag og hafði þá uppi vonir um að það tækist að ráða í stöðurnar í þessari viku. „Ég sé eftir öllum þessum starfsmönnum en það gilda ákveðnar reglur, bæði siðareglur og reglur varðandi vinnubrögð og stjórnun á vinnustað. Þessir starfsmenn verða eins og allir aðrir að sætta sig við það að einn verður að stjórna," sagði Guðjón í samtali við DV.

Ísafjarðarbær

Íhuga kaup á nýrnavél

Nokkrir aðilar í Ísafjarðarbæ undir forystu Sturlu Halldórssonar íbúa á Hlíf á Ísafirði, eru um þessar mundir að kanna undirtektir á meðal Vestfirðinga um kaup á nýrri nýrnavél sem færa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði að gjöf. Vélin mun kosta rúmar tvær milljónir króna með virðisaukaskatti og vonast gefendurnir til að hann fáist endurgreiddur.

Söfnunaraðilarnir hafa sent fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum bréf þar sem óskað er eftir stuðningi og standa vonir þeirra til að af kaupunum geti orðið. Í bréfi sem sent hefur verið framangreindum aðilum segir m.a.: „Það hafa komið upp nokkur tilfelli hér í bæ þar sem sjúklingar hafa þurft að fara til Reykjavíkur í þetta bráðnauðsynlega tæki og hafa tilvik ráðið því hvort komist er á réttum tíma sökum veðurs eða annarra landfræðilegra aðstæðna að ótöldum öllum þeim aukakostnaði sem slíkri ferð fylgir.

Við teljum að meiri líkur séu á að sjúklingar sem þurfa að fara í þessar vélar fái meiri ró með ættingja og vinir nálægt sér, að minna rask verði á högum þeirra og þá væntanlega betri bati ef hægt er að hafa slíka vél hér til staðar," segir m.a. í bréfinu sem sent var frá söfnunaraðilum.



Nýt mín best fyrir framan mikið af fólki

- segir Friðrik E. Stefánsson, nýkjörinn Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar í viðtali við blaðið. Sjá nánar frétt á bls. 3 og viðtal í miðopnu

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

VÖRUVAL

GOÐA sveitabjúgu kr. 439,-/kg

TORO íslensk kjötsúpa kr. 95,-/58 gr.

Þín verslun

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Netfang:
hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Dýrkeypt reynsla

Leiðari

Ef til vill má orða það svo, að menn séu byrjaðir að slá eina og eina nótu í pólitísku hljómhviðunni, sem hljóma mun eftir því sem nær dregur sveitarstjórnarkosningum.

Á yfirborðinu virðast aðstandendur væntanlegra framboða taka lífinu með ró. Það kemur ekki á óvart því svo virðist komið í íslenskri pólitík að frambjóðendur kjósi helst leikhúsaðferðina þ.e. að þeir verði klappaðir upp að lokinni sýningu. Flokksmiðinn gildi sjálfkrafa áfram til setu í næstu bæjarstjórn.

Önnur skýring kann að vera á værðinni. Að þessu sinni er óvenju mikil sambræðsla flokka og flokksbrota í gangi. Sambræðsla er að öllu jöfnu tímafrekari en hreint flokksframboð þ.e.a.s. ef flokkurinn á þá ekki við einhverja innvortis krankleika að stríða, sem erfitt er að sjúkdómsgreina og lækna.

Lengi hefur því verið haldið fram að sveitarstjórnarmenn eigi ekki að velja eftir flokkspólitískum línum. Í sveitarstjórn eigi að kjósa menn, ekki flokka. Einhverra hluta vegna hafa talsmenn þessa sjónarmiðs aldrei bent á ásættanlega leið að markinu. Það er helst að umræðan hafi leitt af sér svokölluð óháð framboð, sem hafa verið einkar vinsæl hjá misskildum stjórnmálamönnum, sem flokkurinn kunni ekki að meta.

Vitað er að fjölmargir óbreyttra kjósenda vilja hafa áhrif á skipan framboðslista. Þeir kæra sig hins vegar ekki um fyrirframgefin loforð um ráðstöfun atkvæðis á kjördegi, en þá kemur venjulega í ljós að flokksvélin sló ekki feilpúst frekar en fyrri daginn og væntingar hinna nýju liðsmanna um breyttan lista farnar út um víðan völl. Því miður hafa stjórnmálaflokkarnir ekki borið gæfu til að koma til móts við óskir kjósenda að neinu marki í þessum efnum.

Ein leið til að ná til kjósenda í prófkjöri án þess að draga þá í pólitíska dilka er sameiginlegt prófkjör allra flokka. Þetta var gert hér á Ísafirði fyrir 16 árum og tókst vel að því er sögur herma. Með þessu fyrirkomulagi geta óflokksbundnir kjósendur tekið þátt í prófkjöri án eyrnamerkinga eða skuldbindinga, sem þeir samvisku sinnar vegna eiga erfitt með að standa við á kjördegi.

Enn er ekki vitað um framboð í Ísafjarðarbæ, hve mörg framboðin verða, hver býður fram með hverjum, hverjir verða einir á báti. Reynslan sýnir að allt getur skeð. Hætt er við að margur telji reynsluna frá kjörtímabilinu sem nú er að ljúka æði dýrkeypta.

s.h.

Friðrik Stefánsson, Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Frábær íþróttamaður og góður félagi



Friðrik Stefánsson, Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 1997.

Friðrik Stefánsson, körfuknattleiksmaðurinn snjalli hjá KFÍ var í gærkvöldi útnefndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 1997. Útnefning hans var kunngerð í hófi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, fræðslunefnd bæjarins ásamt Íþróttabandalagi Ísfirðinga og HVÍ efndu til í félagsheimilinu á Þingeyri. Auk Friðriks fengu átta aðrir íþróttamenn viðurkenningu fyrir árangur sinn og ástundun en það voru þau Anna Soffía Sigurlaugsdóttir sem tilnefnd var af Boltafélagi Ísafjarðar, Auðunn Einarsson, sem tilnefndur var af Golfklúbbi Ísafjarðar, Héðinn Ólafsson, sem tilnefndur var af Íþróttafélaginu Ívari, Pétur Magnússon, sem tilnefndur var af handknattleiksdeild Knattspyrnufélagsins Harðar, Jóhann Bæring Gunnarsson, sem tilnefndur var af Knattspyrnufélaginu Ernir, Þórey Sjöfn Sigurðardóttir, sem tilnefnd var af Íþróttafélaginu Höfrungi, Arnór Þorkell Gunnarsson, sem tilnefndur var af Skíðafélagi Ísafjarðar, Guðrún Á. Elvarsdóttir, sem tilnefnd var af Hestamannafélaginu Hendingu og Arnar Björgvinsson sem var tilnefndur af UMF Önundi.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 1997, Friðrik E. Stefánsson, spilar með KFÍ. Hann hefur náð frábærum árangri með liðinu og er ein helsta ástæða fyrir velgengni félagsins á liðnum árum og þá kannski sérstaklega á síðasta ári. Í lokahófi Körfuknattleikssambands Íslands sem haldið var í maí á síðasta ári var hann kjörinn efnilegasti körfuknattleiksmaður landsins og undirstrikaði sú útnefning hversu miklum framförum Friðrik tók á keppnistímabilinu. Á síðasta ári var Friðrik valinn í 20 manna landsliðshóp Íslands í körfuknattleik sem var að undirbúa sig fyrir Evrópukeppni landsliða og í kjölfarið var hann valinn í 10 manna landsliðshóp Íslands sem keppir við sterkustu körfuknattleiksþjóðir innan Evrópu. Í þeim leikjum sem leiknir hafa verið hefur Friðrik staðið sig með mikilli prýði og muna margir stórleik hans í leiknum gegn Króatíu. Friðrik er fyrsti leikmaðurinn frá Ísafjarðarbæ sem valinn hefur verið í A-landslið í körfuknattleik og hefur hann verið bæjarfélaginu til mikils sóma. Friðrik, sem er aðeins 21 árs, er frábær íþróttamaður og býr yfir miklu keppnisskapi auk þess sem hann er góður félagi.

Eins og að framan greinir fengu átta aðrir íþróttamenn viðurkenningu í hófinu í gærkvöldi. Þau eru Anna Soffía Sigurlaugsdóttir, sem kjörin var knattspyrnukona Boltafélags Ísafjarðar fyrir árið 1997. Auðunn Einarsson, 22 ára golfari, sem stundað hefur golfíþróttina ásamt öðrum íþróttagreinum frá unglingsaldri. Héðinn Ólafsson, 55 ára, félagi í Íþróttafélaginu Ívari, en hann hefur æft boccia frá árinu 1995 með góðum árangri. Besti árangur Héðins til þessa er 3ja sætið í sinni deild á Íslandsmótinu í einstaklingskeppni sem haldið var í október á síðasta ári. Pétur Magnússon, 20 ára handknattleiksmaður úr Herði, en hann hefur leikið í markinu hjá félaginu í vetur við góðan orðstír og Jóhann Bæring Gunnarsson, 25 ára knattspyrnumaður úr Knattspyrnufélaginu Ernir, en hann var valinn leikmaður félagsins á síðasta ári.

Þórey Sjöfn Sigurðardóttir, 18 ára frjálsíþróttakona úr Íþróttafélaginu Höfrungi, en hún náði frábærum árangri á síðasta ári og hefur alla tíð verið öðru íþróttafólki á Þingeyri fyrirmynd, bæði hvað varðar ástundun og framkomu. Hún var kjörin Íþróttamaður Höfrungs fyrir árið 1997. Arnór Þorkell Gunnarsson, 26 ára skíðamaður, en hann hefur æft með Skíðafélagi Ísafjarðar í um 17 ár og verið fastamaður í A-landsliði Íslands í nokkur ár. Arnór hefur verið valinn Íþróttamaður Ísafjarðar og í dag er hann í 182. sæti í svigi á heimslista alþjóða skíðasambandsins. Áttundi íþróttamaðurinn sem fékk viðurkenningu að þessu sinni er Guðrún Á. Elvarsdóttir, 19 ára hestakona úr Hestamannafélaginu Hendingu. Í júní á síðasta ári varð Guðrún í 1. sæti í tölti og fjórgangi á félagsmóti Hendingar og var auk þess kjörin knapi mótsins. Á fjórðungsmóti Vesturlands sem haldið var á Kaldármelum á síðasta ári hafnaði hún í 5. sæti í fjórgangi ungmenna en þetta mót var eitt hið sterkasta sem haldið var á árinu í hestaíþróttum.

Knattspyrna

BÍ sigraði

Um síðustu helgi fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi, Íslandsmót í innanhússknattspyrnu á milli BÍ og UMFB í 4. og 5. flokki karla og á milli BÍ, UMFB og Ernis í 2. flokki karla.

BÍ sigraði í öllum flokkum og er komið í úrslitakeppnina sem fram fer í Reykjavík 14. og 15. febrúar nk.

Ísafjarðarbær

Bensínstöð á Skeiði

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur fallist á að veita Jóni Fannberg Þórðarsyni á Ísafirði lóð á Tunguskeiði undir bensínafgreiðslu. Leyfið er háð því að Veðurstofa Íslands veiti samþykki sitt til að byggja á lóðinni en eins og kunnugt er, er umrædd lóð talin á snjóflóðahættusvæði. Óvíst er því á þessari stundu hvenær framkvæmdir hefjast.

Bolungarvík

Eldur í Lada bifreið

Vélarrúm Lada Sport bifreiðar varð skyndilega alelda um kl. 13:15 á föstudag. Billinn var í gangi fyrir utan hús í bænum meðan eigandinn fór inn með barn. Þegar hann sneri út á ný eftir fáeinar mínútur stóð vélarrúmið í ljósum logum. Kallað var á slökkvilið en búið var að slökkva eldinn þegar það kom á vettvang.

Ísafjörður

Sigga í 2. sæti

Sigríður Þorláksdóttir, skíðakonan snjalla frá Ísafirði, hafnaði í 2. sæti á svigmóti sem haldið var í Lambrecht í síðustu viku. Fyrir frammistöðuna fékk Sigríður 57 punkta en hún var með 70 styrkleikapunkta á síðasta lista. Sigríður er um þessar mundir að undirbúa ferð á ólympíuleikana í Nagano í Japan þar sem hún keppir ásamt Arnóri Gunnars.

Forsvarsmenn ÍÚ funda með Ísfirðingum um ljósleiðaragjald Landssímans hf.

Fjörutíu sinnum dýrara að dreifa sjónvarpsefni á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu

Kostnaður við flutning á sjónvarpsefni í gegnum ljósleiðara til Ísafjarðar er um fjörutíu sinnum meiri en til íbúa á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt gjaldsskrá Landssímans.

Forsvarsmenn Íslenska útvarpsfélagsins, sem rekur sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Sýn og útvarpsstöðvarnar Bylgjuna og Stjörnuna eru væntanlegir til Ísafjarðar í dag til viðræðna við heimamenn um hið háa gjald sem fyrirtækinu er gert að greiða til Landssímans hf., vegna flutnings á sjónvarpsefni til Vestfjarða. Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu fulltrúar Íslenska útvarpsfélagins m.a. ræða við forsvarsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga, bæjarfulltrúa sveitarfélagsins og fleiri aðila auk þess sem þeir verða með opinn borgarafund um málið kl. 20:30 annað kvöld, fimmtudagskvöld, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu, er mikill áhugi á meðal íbúa á Ísafirði og þá sérstaklega íþróttaunnenda, að ná sjónvarpssendingum Sýnar, en til þessa hafa stjórnendur Íslenska útvarpsfélagsins ekki séð sér fært að verða við þeirri ósk sökum mikils kostnaðar við flutning sjónvarpsefnisins.

Í viðtali við BB í síðustu viku, sagði Hannes Jóhannsson, tæknistjóri Íslenska útvarpsfélagsins, að mikill áhugi væri innan fyrirtækisins að hefja útsendingar á Sýn á Ísafirði, en tók fram að þrátt fyrir að Ísafjörður væri nægilega stórt markaðssvæði fyrir stöðina, hefðu viðræður við forsvarsmenn Landssímans um lækkun á flutningsgjaldi um ljósleiðarann til Vestfjarða, engan árangur borið. Hann sagðist þó bjartsýnn á að útsendingar gætu hafist á Ísafirði, eigi síðar en í apríl nk.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins er samningur Íslenska útvarpsfélagsins við Landssímann hf., (áður Póst og síma) á þann veg að fyrirtækið greiðir ákveðið gjald pr. kílómetra með ljósleiðara, sem er í raun ekki það sama hvar sem er á landinu. Þannig gildir eitt verð fyrir svokallaða hringtengingu, sem liggur nánast eins og hringvegurinn um landið og síðan er lagt á 20% álag (svokallað útkjálkagjald) ofan á kílómetragjaldið fyrir allar tengingar sem liggja út úr hringnum. Gott dæmi um þetta er ljósleiðaratengingin til Vestfjarða. Ljósleiðarinn fer út úr hringnum við Kambsnes við Dalabyggð og liggur um sunnanverða Vestfirði alla leið til Ísafjarðar. Við Kambsnes leggst 20% álag á gjaldið sem Íslenska útvarpsfélagið þarf að greiða fyrir ljósleiðarann til Ísafjarðar. Af þessu leiðir að dreifingarkostnaður fyrir Stöð 2 á Vestfjörðum er um 9 milljónir króna á ári eða um 7,500 krónur á hvern áskrifanda. Til samanburðar má nefna að dreifingarkostnaður fyrir Stöð 2 á höfuðborgarsvæðinu er um 180 krónur á hvem áskrifanda. Það er því rúmlega fjörutíu sinnum dýrara að dreifa sjónvarpsefni á hvern áskrifanda Stöðvar 2 á Vestfjörðum, heldur en á hvern áskrifanda á höfuðborgarsvæðinu.

Síðastliðið vor stækkaði Íslenska útvarpsfélagið dreifikerfi Sýnar norður um land allt austur til Húsavíkur. Forsendan fyrir þeirri tengingu var stærð á nýju markaðssvæði og gjald fyrir hringtengingu, án 20% álags. Þann 15. október síðastliðinn rann út samningur fyrirtækisins við Landssímann sem gerður var 1992, en mánuði fyrr hafði Íslenska útvarpsfélagið óskað eftir viðræðum við Landssímann með það að markmiði að semja um flutning fyrir Sýn og Stjörnuna um allt land. Þótt ótrúlegt megi virðast hafa forsvarsmenn Landssímans ekki tekið beiðninni um stóraukin viðskipti, tvöföldun á flutningsmagni, opnum örmum. Beiðni Íslenska útvarpsfélagsins hefur enn ekki verið svarað á annan veg að ekki sé hægt að lækka kílómetragjaldið. Á sama tíma og Íslenska útvarpsfélagið vildi ræða aukin viðskipti á ljósleiðarakerfinu um landið hefur Landssíminn eytt dýrmætum tíma í að reyna að selja fyrirtækinu aðgang að hinu svokallaða breiðbandi sem Íslenska útvarpsfélagið hefur aldrei beðið um.

Við þessar upplýsingar vakna ýmsar spurningar s.s. af hverju er ljósleiðarinn verðlagður samkvæmt kílómetragjaldi? Það eru ekki nema þrír mánuðir síðan tæknimenn Landssímans notuðu þau rök fyrir jöfnun á kostnaði símgjalda um allt land að það kostaði í raun og veru ekki meira að hringja út á land en á milli húsa í Reykjavík. Þá má spyrja: Af hverju er 20% álag á kílómetragjaldið út úr hinum svokallaða hringvegi? Gera þingmenn og aðrir ráðamenn sér ekki grein fyrir því að ljósleiðarinn gegnir bæði öryggislegu og byggðalegu hlutverki? Af hverju á Landssíminn ljósleiðarann sem að stórum hluta var kostaður af NATO og restin af almannafé?

Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Vestfirðinga er formaður samgöngunefndar Alþingis, en undir nefndina falla þessi mál: ,,Ég hef reynt að kynna mér þetta mál og ræða það við forráðamenn Landssímans og Íslenska útvarpsfélagsins. Það er greinilegt að deilan stendur um kostnað við að flytja sendingar útvarpsstöðvanna um ljósleiðarann sem Landssíminn á. Þar er um það að ræða að eigandi ljósleiðarans rukkar kílómetragjald og bætir síðan álagi á, þegar farið er út fyrir einhvern tiltekinn radíus og það er þetta álag sem er ágreiningsefnið. Það er mín skoðun að það sé algjörlega óeðlilegt að leggja sérstakt álag á þessar sendingar. Auðvitað verða þessi fyrirtæki að útkljá þessi mál sín á milli, enda sér hver heilvita maður að það gengur ekki að umtalsverður hluti þjóðarinnar, þar á meðal við á Vestfjörðum, getum ekki notið þess mikla fjölbreytileika sem er í útvarps- og sjónvarpssendingum í landinu út af svona ágreiningi. Það er greinilegt að við erum fórnarlömbin í þessari deilu. Við vitum að bara hlutir eins og þessir eru meðal þess sem fólk hefur í huga þegar það velur sér búsetu.

Skoðanakönnun Byggðastofnunar og Háskólans sýna einmitt fram á þetta. Þetta er þess vegna í mínum huga heilmikið byggðamál.

Fyrir nú utan það að þróunin í fjarskiptamálunum í veröldinni er öll á þann veg að það skiptir stöðugt minna máli hver fjarlægðin er frá útsendingarstað. Hagsmunir eigenda ljósleiðarans eru að fá nógu mikla umferð inn á hann, enda er búið að stofna til fjárfestingarinnar. Við höfum líka verið að þróa þetta í þessa átt í símamálunum, eins og við þekkjum. Núna síðast með því að það er búið að gera landið að einu gjaldskrársvæði. Þess vegna finnst mér það skjóta mjög skökku við að hafa þennan mikla kostnaðarmun á því að flytja útvarps- og sjónvarpssendingar frá Reykjavík til Akureyrar og frá Reykjavík til Ísafjarðar, Patreksfjarðar eða Hólmavíkur, svo ég taki dæmi. Við verðum að treysta því að fyrirtæki eins og Landssíminn og Íslenska útvarpsfélagið, sem bæði hafa sýnt að þau vilja þjóna okkur á landsbyggðinni vel, nái saman í þessari deilu, þannig að við fáum að nýta okkur alla þá fjölbreytilegu kosti sem eru í boði," sagði Einar Kristinn Guðfinnsson.

Bútasaumsnámskeið - Saumanámskeið

Verða haldin ef næg þátttaka fæst. Námskeiðin hefjast um miðjan febrúar. Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir að hafa samband sem fyrst.

Gardínubúðin

Hafnarstræti 8 - Sími 456 3430

Blómavendir, blóm, blómavasar, skreytingar, skálar, serviettur, kerti, körfur, kransar, kertahringir, kaffi, kaktusar, kort, pappír, pottablóm, pottar, þurrskreytingar, þykkblöðungar, mold, áburður, angantýrur, ilmjurtir, ilmkerti, reykelsi, túlipanar, te

Blómaturninn

AÐALSTRÆTI 21
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI / FAX 456 5297

-alvöru blómabúð

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** PIZZA 67

Þorsteinn Jóhannesson, formaður byggingarnefndar leikskólans afhendir Ingigerði Stefánsdóttur, leikskólastjóra lyklana að nýja skólanum.

Nýr leikskóli á Torfnesi vígður

Tekur til starfa á mánudag

Á sunnudag fór fram að viðstöddu fjölmenni, formleg vígsla hins nýja leikskóla á Torfnesi á Ísafirði. Leikskólanum sem hefur verið um níu mánuði í byggingu, hafði verið gefið nafnið Dægradvöl, en nú hefur verið auglýst eftir nýju nafni. Ráðgert er að hann taki formlega til starfa nk., mánudag 9. febrúar. Við vígsluathöfnina á sunnudag rakti Eiríkur Kristófersson, húsasmíðameistari, byggingasögu hússins, en fyrirtæki hans Eiríkur og Einar Valur hf., hafði með byggingu hússins að gera. Hann afhenti síðan Þorsteini Jóhannessyni, formanni byggingarnefndar hússins, lykla að skólanum og Þorsteinn afhenti síðan Ingigerði Stefánsdóttur, leikskólastjóra, húsið til afnota.

Við vígsluathöfnina söng barnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar undir stjórn Margrétar Geirsdóttur og við undirleik Baldurs Geirmundssonar og sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur blessari húsið og starfsemi þess. Því næst var gestum gefinn kostur á að skoða bygginguna sem er öll hin glæsilegasta. Í skólanum verða tvær heilsdagsdeildir og tvær hálfsdagsdeildir með sveigjanlegri vistun yfir daginn, en að hámarki 88 börn samtímis. Gert er ráð fyrir 22 stöðugildum við skólann. Hinn nýi leikskóli er um 725 m² að stærð og er heildarkostnaður við bygginguna áætlaður um 81 milljón króna.

Framkvæmdum við húsið sjálft er að mestu lokið en ráðgert er að ljúka því sem upp á vantar fyrir sumarið. Þá er gert ráð fyrir að fullbúinni lóð verði skilað á miðju sumri. Arkitekt hússins er Elísabet Gunnarsdóttir á Ísafirði.

Unga kynslóðin var ánægð með þá aðstöðu sem boðið er upp á í hinum nýja leikskóla.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ❑ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11.000.000,-

Fjarðarstræti 33: 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-

Góuholt 3: 140,7m² einbýlishús á einni hæð ´samt bílskúr. Verð: 12,000,000,-

Hafraholt 10: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-

Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á eign á Isafirði möguleg. Verð: 10.700.000,-

Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-

Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-

Hnífsdalsvegur 13: Einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 5,300.000,-

Kjarrholt 2: 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð.

Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-

Móholt 9: 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust 1. feb. ´98. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-

Seljalandsvegur 4: 276m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 13,500.000,-

Smiðjugata 9: 95m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvibýlishúsi. Verð: 5,900.000,-

Sólgata 7: 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-

Sunnuholt 6: 231,7m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13,500,000,-

Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-

Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-

Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Tilboð óskast.

Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlish.á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Tilboð.

Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,600.000,-

Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum(4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laus fljótlega. Verð: 7.200.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 15: 140m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 8,500.000-

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-

Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-

Eyrargata 3: 100m² 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þríb.húsi ásamt helm. bílskúrs. Skipti á eign í Reykjavík. Verð: 8,300.000,-

Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,

Fjarðarstræti 6: 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-

Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-

Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-

Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-

Pólgata 5a: 121m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb. húsi ásamt helmingi kjallara. Nýlega uppgerð, bílskúr. Verð: 5,900.000-

Pólgata 5a: 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-

Sólgata 5: 102m² 6 herb. íbúð á 2 hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5,000,000,-

Stórholt 11: 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-

Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-

Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert.Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 15: 98,6m² íbúð á tveimur hæðum í fjórb.húsi. Húsið er nýmálað og nýtt þak. Verð: 4,500.000,-

Brunngata 12a: 68m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 3,000.000,-

Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmáluð. Verð: 4.600.000,-

Pólgata 6: 52m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3,900,000,-

Stórholt 7: 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5,300,000,-

Stórholt 7: 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4,800,000,-

Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

Stórholt 13: 79,2m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu á jarðhæð. Verð: 6,000.000,-

Urðarvegur 78: 97,8m² íbúð í mjög góðu standi á 3. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,900.000.-

Urðarvegur 78: 99,1m² íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð t.v. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 7,000.000.-

Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.000.000,-

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-

Túngata 20: 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-

Túngata 20: 53,4m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan4,500,000,-

Urðarvegur 78: 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-

Hlíf II: 62,5m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6,600,000,-

Sólgata 8: 80m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Verð: 6,000.000,-

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður svarar skrifum Ólafs Kristjánssonar

Tveggja heima tal

Veruleikinn getur reynst mönnum erfiður að horfast í augu við. Það sannast á Ólafi Kristjánssyni, bæjarstjóra í Bolungavík. Á kjörtímabilinu hefur honum og félögum hans í bæjarfulltrúaflokki Sjálfstæðisflokksins mistekist herfilega að varðveita það fjöregg sem þeim var falið í síðustu bæjarstjórnarkosningum að gæta og þar á ég við útgerðarfyrirtækið Ósvör og aflaheimildir þess. Ólafur hefur gripið til þess ráðs að draga upp sína eigin mynd af raunveruleikanum sem er fjarri lagi sem lýsing á því sem gerðist og enn síður rétt lýsing á hlut hans og annarra. Óhjákvæmilegt var að leiðrétta lýsingu Ólafs og draga fram staðreyndir málsins, en sem fyrri daginn er Ólafur í sínu Undralandi í svargrein sinni og það verður að viðurkennast að nokkrum erfiðleikum er bundið að halda uppi skoðanaskiptum milli tveggja heima, raunveruleikans og Undralands.Ég vil leyfa mér að segja að sá sem ekki getur horfst í augu við sjálfan sig og verk sín þarf ekki á andstæðingum að halda. Hann er versti andstæðingur sjálfs sín.

Framundan eru bæjarstjórnarkosningar og þeim fylgir að gera upp verk meirihlutans á kjörtímabilinu svo menn verði dæmdir af verkum sínum eins og venja er. Á þessum tímamótum þurfa menn að gera sér grein fyrir stöðu mála því það er forsenda þess að unnt sé að taka réttar ákvarðanir um framtíðina.

Ólafur svarar engu

Það vekur athygli mína að í svargrein sinni neitar Ólafur engu af því sem grein mín snerist um að öðru leyti en því að hann heldur því enn fram að ég hafi verið samþykkur því að selja hlutabréf Ósvarar. Hann neitar því ekki að framburður hans fyrir héraðsdómi Vestfjarða um samþykki hans sem stjórnarformanns Ósvarar og stjórnarinnar í heild fyrir leigu á aflaheimildum vorið 1995 hafi verið gerður marklaus þar sem aðrir stjórnarmenn sem vitni báru voru sammála um annað. Ólafur neitaði að viðurkenna að hann og stjórnin í heild hefði veitt samþykki sitt , aðrir stjórnarmenn báru annað. Staðreyndin er sú að framkvæmdastjóri fyrirtækisins var að framfylgja samþykkt stjórnarinnar þegar hann leigði aflaheimildirnar. Málið fór fyrir hæstarétt og niðurstaðan varð sú sama. Ólafur fór ekki með rétt mál fyrir dómi. Framkoma hans við samstarfsmenn sína er athyglisverð.

Þá ber Ólafur ekki af sér að hann hafi augljóslega ætlað að hunsa kvaðninguna um að bera vitni fyrir héraðsdómi og hafi verið kominn inn á Ísafjarðarflugvöll á leið suður þegar lögreglan sótti hann. Hvers vegna þegir Ólafur um þessi atriði ? Rétt er að hann svari því, en minna má á að málsskjöl tala sínu máli og eru til reiðu, ef á þarf að handa. Þriðja atriðið sem Ólafur þegir um er mat á eignarhluta bæjarsjóðs í Ósvör þegar bréfin voru seld og hækkun á verðmæti þeirra síðan þá. Þar hélt ég því fram að verðmæti bréfanna hefði verið metið á um 120 milljónir kr. þegar þau voru seld fyrir 35 milljónir kr. Von er að Ólafur þegi, það var búið að kynna þetta fyrir honum og félögum hans rækilega en án árangurs, Ólafur vildi ekki hlusta. Þá hélt ég því fram að eignarhlutur bæjarsjóðs væri nú virtur á um 400 mkr. og reyndar teldu fróðir menn að hann gæti verið meira virði jafnvel 500-600 mkr. Ólafur sneiðir alveg framhjá þessu og svarar engu. Tilviljun ? Nei, ég bendi á nýfallin dóm í frægu skilnaðarmáli á Vestfjörðum. Kaupandi bréfanna í Ósvör var annar aðili að því máli og eftir að hann hefur keypt hlutabréfin rýkur eign hans upp um hundruð milljóna króna. Ástæðan er verðmæti veiðiheimildanna í Ósvör, annað ekki.

Öllum ofangreindum þremur efnisatriðum víkur Ólafur sér undan að svara. Ástæðan er einföld, staðreyndirnar tala sínu máli og hann fær engan til þess að horfa með sér á þær úr Undralandinu.

Tillaga Jóhanns

Þegar sala hlutabréfanna kom til afgreiðslu lagði Jóhann Hannibalsson fram tillögu um að leita eftir tilboðum í bréfin og selja þau hæstbjóðanda. Þá stóðu mál þannig að fyrir lá undirritaður samningur við Bakka um sölu bréfanna fyrir brot af sannvirði og engar tryggingar fyrir yfirráðum heimamanna yfir aflaheimildunum. Þá var líka ljóst að ekki var vilji til þess að selja heimamönnum bréfin og þeim ekki treyst fyrir rekstri fyrirtækisins eins og fram kom skömmu síðar þegar Heimaafl var stofnað og það keypti óseld hlutabréf í Ósvör. Þá lögðu þeir sjálfstæðismenn með stuðningi Alþýðuflokksins mikið á sig að koma í veg fyrir yfirráð heimamanna og tryggja Aðalbirni Jóakimssyni meirihluta yfirráð í fyrirtækinu. Við þessar aðstæður var tillaga Jóhanns eðlileg og ég studdi hana. Hins vegar vildi Ólafur ekki fá sannvirði fyrir bréfin og hann vildi ekki að heimamenn réðu því. Það sama gildir um félaga hans og alþýðuflokksmanninn. Það er mikil ógæfa að á þessum tímamótum skyldu hafa ráðið ríkjum í Bolungavík menn sem ekki treystu heimamönnum og gengu jafnvel svo langt að hrinda af stað málaferlum á hendur heimamönnum fyrir þær sakir að þeir stóðu vörð um upphafleg markmið bæjarstjórnar, að halda yfirráðum yfir aflaheimildum í höndum heimamanna.

Hvernig er staðan nú ?

Búið er að selja Heiðrúnu og Flosa og aflaheimildir þeirra að nokkru leyti seldar en megnið af þeim komnar á togara úr Grindavík. Aflaheimildir Dagrúnar á Hrafnseyri ÍS eru það eina sem eftir er í plássinu af upphaflegum veiðiheimildum Ósvarar og heimamenn ráða engu um ráðstöfun þeirra. Ekki er rekstur frystihússins tilkomumikill, í Morgunblaðinu 17. des. sl. segir Gunnar Tómasson ,,þegar við komum að fyrirtækinu í sumar voru þar um 60 manns í vinnu, en áætlað er að þeir verði 20 í byrjun næsta árs. Við komum ekki til með að auka reksturinn þar fyrr en búið verður að snúa honum og ná hagnaði. **Ef við fáum ekki hagnað munum við loka**."

Nú eru liðin tæplega þrjú ár síðan óhappaverk Ólafs og félaga var unnið. Það sér hver maður að staðan er ekki glæsileg, frystihúsareksturinn sem farið var út í hefur reynst botnlaus taprekstur og er enn. Verðmætið í Ósvör var fólgið í veiðiheimildunum og Aðalbjörn bjargvættur stunginn af suður með verðmætin sem í þeim voru eftir. Ég skora á Ólaf að upplýsa hversu mikið hann telur að Aðalbjörn hefur haft upp úr krafsinu á þessum rúmum tveimur árum sem hann var aðaleigandi Ósvarar. Ég get hjálpað honum aðeins,

Kristinn H. Gunnarsson.

þær tölur sem ég hef fengið eru á bilinu 280 - 600 milljónir króna, algengasta matið er um 500 milljónir kr. Þetta er eignin sem Bolvíkingar áttu og Ólafi var trúað fyrir að varðveita. Þessa eign lét hann í hendur helsta kvótabraskara landsins sem er sennilega enn að hlæja að Ólafi og öðrum Bakkabræðrum í bæjarstjórninni.

Þá svíður mörgum hvernig komið var fram við ýmsa starfsmenn Ósvarar. Þeir reknir eða flæmdir burt og mætti Ólafur skoða stöðu sjómannastéttarinnar nú og bera hana saman við stöðuna fyrir tæpum þremur árum.

Hvernig var staða Ósvarar ?

Í grein Ólafs er nokkuð vikið að stöðu Ósvarar og hann gerir hana sem hraksmánarlegasta og færir það fram sem rök fyrir því að selja fyrirtækið. Staða fyrirtækisins í lok maí 1995 var þannig að reksturinn var í járnum, tap af rekstri var um 17 milljónir kr. Tekjurnar stóðu undir öllum rekstri og afskriftum og var hagnaður um 8 mkr. fyrir fjármagnskostnað. Fyrirtækið var að mestu í skilum. Skuldir voru miklar enda skipin keypt ásamt veiðiheimildum fyrir markaðsverð á sínum tíma. Þar var ekkert gefið. Eðlilega vakti endurskoðandi athygli á fjárhagsstöðunni í áritun sinni. En þess ber að geta að markasverð veiðiheimilda hafði stigið allnokkuð á liðnum tveimur árum og því var verulegt dulið eigið fé í fyrirtækinu.

Að teknu tilliti til þess stóðu eignir undir öllum skuldum og vel það. Ólafi bregður ekki við svona áritun ef ég veit rétt, hann fengið svipaða áritun hjá endurskoðanda bæjarsjóðs og þá vildi hann

„Nú eru liðin tæplega þrjú ár síðan óhappaverk Ólafs og félaga var unnið. Það sér hver maður að staðan er ekki glæsileg, frystihúsareksturinn sem farið var út í hefur reynst botnlaus taprekstur og er enn. Verðmætið í Ósvör var fólgið í veiðiheimildunum og Aðalbjörn bjargvættur stunginn af suður með verðmætin sem í þeim voru eftir."

gera lítið úr því. Segja má að fyrirtækið hafi haldið sjó og það er mitt álit að stjórnendur þess hafi staðið sig afbragðsvel við erfiðar aðstæður. Deilur í bæjarfélaginu truflaðu mjög uppbygginguna, þannig héldu fjárfestar nokkuð að sér höndum af þeim ástæðum. Þeir sem vildu veðja á landvinnsluna stofnuðu sitt fyrirtæki, Þuríði hf og stöðugar kröfur voru uppi á Ósvör um að það útvegaði Þuríði hráefni á verði sem kaupandi vildi ráða. Þetta voru kröfur um að reka fyrirtækið óðruvísi en hagkvæmast var og efnahagur Ósvarar var ekki þannig að hann leyfði það. Rekstur landvinnslunnar síðan hefur einfaldlega staðfest að það var ekki skynsamlegt að gera hana að þungamiðju starfseminnar. Þuríður fór á hausinn og Bakki stefndi sömu leið þegar hluthafarnir undir forystu Kolkrabbans tóku sig til og keyptu Aðalbjöm út. Til þess að styrkja rekstur Ósvarar voru uppi hugmyndir um að setja frystibúnað í Dagrúnu og fór svo að það var samþykkt í stjórninni. Ólafur var þá stjórnarformaður og einn af þeim sem samþykktu þetta. Því er lýsing hans á stöðu Ósvarar þá alveg óskilj-anleg og satt best að segja hreinn þvættingur. Ekkert benti til annars en að vandræðalaust yrði að fjármagna þá aðgerð og nauðsynlegar viðgerðir á skipinu m.a. vegna vélarbilunar og fráleitt að selja þyrfti Heiðrúnu ásamt aflaheimildum hennar eins og Ólafur heldur fram.

Hitt er nauðsynlegt að undirstrika að þegar ráðist var í það stórvirki að kaupa togarana fyrir hátt verð voru menn meðvitaðir um það að svo kynni að fara að heimamenn réðu ekki við fjárfestinguna og einhvert tíma kynni að koma til þess að selja þyrfti veiðiheimildir eða skip til þess að létta skuldum af fyrirtækinu. Hins vegar höfðu mál þróast þannig þessu tvö ár sem Ósvör hafði starfað að minnkandi líkur voru til að svo færi og verð veiðiheimilda hafði hækkað mikið og það gerði að verkum að auðvelt var að selja lítinn hluta kvótans fyrir mikið verð.

Það eru allar líkur til þess að í dag ættu Bolvíkingar báða togarana og megnið af aflaheimildum þeirra ef þeir sem stóðu fyrir rekstri fyrirtækisins á útmánuðum 1995 hefðu fengið að halda áfram ótruflaðir af ístöðulitlum stjórnmálamönnum og hugsanlega hefði fyrirtækið getað fengið hundruð milljóna í nýtt eigið fé með hlutafjárútboði t.d. á svipuðum tíma og Básafell á Ísafirði. Ólafi og félögum er hollt til þess að hugsa hversu hörmuglega þeir hafa farið að ráði sínu.

Ætlaði Ólafur ekki að hætta?

Svona í lokin má ég til með að minna Ólaf á kosningaloforðið sem hann gaf fyrir fjórum árum. Þá lýsti hann því yfir að hann ætlaði að hætta að loknu þessu kjörtímabili. Þrátt fyrir það fékk hann ekki nema um 40% atkvæða í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Um 60% vildu hann ekki. Mér finnst að hann skuldi sínum mönnum skýringu á því hvers vegna hann gengur nú á bak orða sinna eða var hann í Undralandi þegar yfirlýsingin var gefin?

Kristinn H. Gunnarsson.

„Útkastari“ segir frá

Hvernig ímyndum við okkur hinn dæmigerða útkastara á skemmtistað? Sjáum við ekki fyrir okkur svakaleg vöðvafjöll á borð við Magnús Ver eða Hjalta Úrsus Árnason, Arnold Schwarzenegger á sínum yngri árum eða Ívar handrukkara? Ímyndun eða klisjur eru ekki nærri alltaf eins og raunveruleikinn. Ingi Guðnason vinnur sem útkastari á skemmtistöðunum Sjallanum og Krúsinni á Ísafirði. Starfsheiti hans er þó í rauninni dyravörður en ekki útkastari og hann gerir miklu fleira en gæta dyranna, því að hann er jafnframt eftirlitsmaður og sér um að allt fari vel og skikkanlega fram innan dyra og allir fari út þegar klukkan kallar lögum samkvæmt.

Ingi er enginn lyftingaboli eða steratröll að sjá. Hann er alls ekki tröllvaxinn, hvorki á lengdina né þverveginn. Þvert á móti er hann frekar lágvaxinn, kurteis og hægur og rólegur og heldur meinlítill að sjá. Hann er lifandi dæmi um það, hvernig lempni og hlýleg og manneskjuleg framkoma geta fengið miklu meira áorkað en belgingur og kraftalæti. En vafalítið leynir hann á sér, enda langhertur og stæltur í erfiðum sveitastörfum alla sína tíð. Hann hefur stundað lyftingar, ekki samt með lóðum í þar til gerðu líkamsræktarstúdíói, heldur með hrútum og rollum á fengitíma í þar til gerðu fjárhúsi. Og svo hefur hann lagt stund á júdó, rétt til vonar og vara. Ekki samt vegna hættunnar á fangbrögðum við bölvandi naut í sveitinni, heldur við sálufélaga þeirra sem stöku sinnum villast inn á skemmtistaðina.

Frá Bæjum á Snæfjallaströnd að Kirkjubæ í Skutulsfirði

Frá því að Ingi var um tveggja ára aldur og næsta aldarfjórðunginn átti hann heima í Bæjum á Snæfjallaströnd, í Hærribæ, ásamt fósturforeldrum sínum, Jens heitnum í Kaldalóni Guðmundssyni og Guðmundu konu hans. Sumarið 1989 brá Jens í Kaldalóni búi á Ströndinni og fluttist að Kirkjubæ í Skutulsfirði ásamt konu sinni og fóstursyni og búpeningi og bjó þar til dauðadags á síðasta ári.

Búskapur aflagður í Kirkjubæ

Nú eftir andlát Jens í Kaldalóni er búskapur aflagður í Kirkjubæ. Íbúðarhúsið er til sölu. Allar skepnur farnar nema kötturinn. „Sem betur fer gátum við selt allar kýrnar á fæti og til ásetnings“, segir Ingi. „Ég hefði séð mikið eftir þeim hefði þurft að slátra þeim. Kýrnar fóru víða hér um sveitir, sumar í Arnardal, aðrar í Engidal, að Hattardal í Álftafirði, að Botni í Súgandafirði, í Valþjófsdal í Önundarfirði og ein inn í Vigur. Þetta voru mjög góðar kýr og skiluðu úrvals mjólk alla tíð frá því að við komum í Kirkjubæ og fram til þess síðasta og fengu verðlaun á hverju ári mörg undanfarin ár. Líklega var mjólkin úr þeim sú allra besta í Mjólkursamlaginu hér á seinni árum.“ Auk mjólkurkúnna voru Jens og fjölskylda hans með um þrjátíu fjár í Kirkjubæ og eitthvað af hrossum. Á meðan þau bjuggu í Bæjum var fjárstofninn miklu stærri, eða hátt í þrjú hundruð fjár, enda sauðland með afbrigðum gott þar um slóðir. Kýrnar voru um tuttugu og annað eins af kálfastóði.

Í Sjallann og Krúsina

Það var um páskana árið 1991 sem Ingi byrjaði að vinna sem dyravörður á veitingastöðunum sem Steinþór Friðriksson (Dúi) og Gróa kona hans reka á Ísafirði og þar hefur hann síðan starfað undanfarin sjö ár. En hvað ætli hafi orðið til þess að hann fór að vinna þar?

„Það voru óneitanlega talsverð viðbrigði að koma hingað til Ísafjarðar úr einangruninni í Bæjum. Ég hafði góðar frístundir frá bústörfunum í

Kirkjubæ og þá lá leiðin oft á skemmtistaðina á Ísafirði, ekki beinlínis til þess að skemmta mér á hefðbundinn hátt, heldur fyrst og fremst til þess að koma innan um fólk, sýna mig og sjá aðra, eins og það er kallað. Á þeim tíma störfuðu hjá Dúa sem dyraverðir tveir fyrrverandi nágrannar mínir innan úr Djúpi, þeir Gísli Jón Kristjánsson úr Ármúla, gamall æskuvinur minn, og Eiríkur Ragnarsson í Súðavík, sem ennþá vinnur hér sem dyravörður. Hann var mjög góður vinur minn í Reykjanesskóla. Ég kom oft að heilsa upp á þá og einhvern veginn varð það til þess að ég réðst þama til starfa."

Yfirleitt er Ingi við störf í Krúsinni um helgar en Sjallanum á kvöldin á virkum dögum. Hvernig kann hann við vinnu af þessu tagi?

„Þetta getur stundum verið mjög krefjandi, en yfirleitt hef ég samt gaman af því. Þetta er bara eins og hver önnur vinna. Það koma dagar sem geta verið erfiðir og leiðinlegir en svo koma aðrir skemmtilegir á milli í staðinn."

– Finnst þér það há þér eitthvað í starfinu að vera góðlegur og kurteis og rólegur og frekar lágvaxinn, í stað þess að vera í útliti og framkomu eins og ógnvekjandi graðneyti eða sjálfur Tarsan apabróðir....?

Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður...

„Nei. Ég reyni að koma fram við aðra eins og ég vildi að komið væri fram við mig. En ég kem vissulega úr sveitastörfum og er vanur líkamlegum átökum, ef út í það fer, þó að ég vilji síst líkja mér við Rambó eða Tarsan!"

Ingi er fæddur í Reykjavík í janúarmánuði fyrir 35 árum, sonur Þuríðar Einarsdóttir úr Vestmannaeyjum og Guðna Örvars Steindórssonar. Guðni var sonur Steindórs Björnssonar frá Gröf sem var landskunnur maður á sínum tíma, rétt eins og faðir hans og langafi Inga, Björn hreppstjóri í Grafarholti í Mosfellsveit.

Ingi er yngstur af sex alsystkinum. Foreldrar hans slitu samvistir þegar hann var á fyrsta ári og faðir hans kom þá vestur að Ísafjarðardjúpi með börnin öll og þar dreifðist hópurinn. Fjögur systkinin fóru í Fagrahvamm í Skutulsfirði. Ingi fór til Karenar og Kristins í Laufási og var hjá þeim í eitt ár, en eftir það fór faðir hans með drenginn inn í Bæi á Snæfjallaströnd. Upp frá því var Ingi fóstursonur Jens í Kaldalóni og Guðmundu konu hans og átti heima í Hærribæ í 25 ár.

Sauðfjárlyftingar

– Þú hefur kannski stundum í búskapnum þurft að glíma við fullt eins erfið þarfanaut og brundhrúta eins og suma gestina í Sjallanum og Krúsinni, þó að búfénaðurinn í sveitinni hafi væntanlega verið ódrukkinn...

Ingi tekur undir þetta og segir frá því þegar hann var að lyfta hrútunum yfir grindverkin á milli stíanna í fjárhúsunum þegar hleypt var til á fengitímanum. Í Bæjum er mikið veðravíti og oft hörkuáhlaup á þeim árstíma. Snjór byrgði dyrnar á húsunum og ekki var auðhlaupið með féð út og inn aftur úr einni stíunni í aðra þegar verið var að hleypa til. „Þess vegna tók ég upp á því að lyfta hrútunum á milli eftir þörfum, og líka þeim rollum sem voru búnar að ganga. Þetta voru talsvert miklar lyftingar. Ærnar vógu yfirleitt frá 70 og upp í 100 kíló. Þær voru um 280 talsins og fyrir þennan fjölda vorum við með sex hrúta. Sá léttasti var 106 kg og sá þyngsti sem við áttum náði 119 kg. Öllum þessum hrútum var ég að lyfta á milli. Auk þess mætti nefna merkishrútinn Jökulfjarðamóra sem Palli í Bæjum átti. Jökulfjarðamóri var voldugur hrútur. Næstsíðasta árið sem við áttum heima í Bæjum gekk hann úti allan veturinn og árið eftir fengum við hann lánaðan. Hann var settur í stíu með hinum hrútunum og röðin kom að þeim mórauða þegar hinir voru búnir að gegna skyldum sínum eins og þeir höfðu þrek og löngun til. Ég tók utan um hann og upp úr stíunni fór hann og yfir í þá næstu. Móri vó 120 kíló en grindurnar náðu mér upp á brjóstkassa."

– Þú hefur ekki þurft að fara í neina líkamsræktarstöð til að iðka lyftingar...

„Nei, maður lét sér alveg nægja að lyfta rollunum og hrútunum."

Spinning í Kaldalóni og Bæjadal

Sauðlönd Bæjabænda voru stór og tók smalamennskan tvo daga hverju sinni. Annar dagurinn fór í Kaldalónið og hinn í Bæjadalinn. Hlíðarnar eru brattar og skriðurunnar og ekki hægt að koma þar við hestum. Þess vegna smöluðu menn á tveimur jafnfljótum og höfðu hunda til aðstoðar. Þær ferðir komu fyllilega í stað þess að hjóla á sama stað við tónlistarundirleik eins og nú er siður og heitir spinning, og kannski rúmlega það.

Júdókunnáttan að tapast niður?

– Þú hefur lært júdó...

„Ég lagði stund á það á sínum tíma, en það er svo langt síðan að ég er hræddur um að ég sé farinn að týna því niður."

– Geturðu ekki æft þig á viðskiptavinunum þegar líða tekur á gleðskapinn í vinnunni? Það er ekki víst að þeir muni allir svo vel eftir því næsta morgun...

„Nei, ég reyni nú frekar að nota mannlegu hliðina, svo lengi sem það er hægt."

– Þú hefur kannski aldrei þurft að nota júdókunnáttuna í vinnunni?

„Nei. Vissulega hefur komið fyrir að við höfum þurft að handsama menn, en þá höfum við jafnan verið tveir saman eða jafnvel fleiri."

– Er algengt að komi til vandræða í þessu starfi?

„Ekki núorðið. Það hefur farið mjög minnkandi. Á tímabili var nokkuð um það, fyrir svona fimm til sex árum. Þeir sem þá áttu helst í hlut eru nú orðnir ráðsettir fjölskyldumenn og búnir að breyta lífi sínu til hins betra. Og það er eiginlega eins og engir komi í staðinn. Stöku sinnum koma upp einhver leiðindi, eins og gengur, en það er ekkert til þess að hafa orð á. Ef eitthvað slíkt gerist, þá er það yfirleitt fyrirgefið daginn eftir."

Tekur gestina fram yfir hrútana

– Hvort hefur þér fundist skemmtilegra, að stússast við hrútana og kálfastóðið í sveitinni eða gestina á veitingastöðunum?

„Ég held að ég taki nú gestina fram yfir hrútana."

Ingi vinnur nú í Básafelli frá kl. sjö á morgnana og fram til hálfþrjú á daginn. Vinnan á skemmtistöðunum byrjar yfirleitt um tíuleytið á kvöldin. Finnst honum það ekki rugla neitt hið daglega líf að vera að vinna seint á kvöldin og stundum fram eftir öllum nóttum?

„Nei, ég finn ekkert fyrir því. Virka daga er ég búinn að vinna um tvöleytið á nóttunni en um helgar er ég búinn um klukkan fjögur, nema ég þurfi að aðstoða eitthvað á Pizza 67 eftir lokun í Krúsinni."

– Í hverju er starf þitt í raunninni fólgið? Það er fleira en dyravarsla...

„Við sjáum um að allt fari vel og skikkanlega fram í húsunum, að halda uppi röð og reglu og að allir séu sáttir. Við fylgjumst einnig með því að ekki sé þar inni yngra fólk en leyfilegt er."

– Eruð þið í einhverju samstarfi við lögregluna?

„Ekki beinlínis í samstarfi, en það hefur komið fyrir að við höfum þurft á aðstoð hennar að halda. En við erum ekki að ónáða lögreglumennina nema mjög brýna nauðsyn beri til. Þeir hafa líka sínum skyldum að gegna annars staðar. En þegar það hefur á annað borð komið fyrir, þá höfum við átt mjög gott samstarf við lögregluna og ég vona að svo verði áfram."

Fengjum að heyra það ef menn væru ekki sáttir

– Eru gestirnir ekki yfirleitt afskaplega sáttir við þig og ykkur dyraverðina?

„Jú. Ég held að við fengjum að heyra það ef fólk væri ekki sátt við okkur. Hvað mig sjálfan snertir hef ég ekkert slæmt af slíku að segja. Einstöku sinnum getur þetta verið svolítið strembið, en þegar upp er staðið held ég að allir séu sáttir."

– Er ekki stundum erfitt að koma fólki út þegar verið er að loka?

„Það getur tekið á. Sumir eru með dálítinn mótþróa þegar við biðjum þá að fara. Við höfum klukkutíma til þess að ganga frá og þrífa og koma okkur sjálfum út. Sömu reglur gilda um starfsfólk sem er að skemmta sér og aðra gesti. Við sem erum að vinna verðum að hafa yfirgefið staðinn klukkutíma eftir lokun."

– Þú tekur þá síðustu kannski eins og hrútana í Bæjum forðum...

„Það getur komið fyrir."

-Hlynur Þór Magnússon.



Ingi Guðnason í hesthúsinu að Kirkjubæ í Skutulsfirði.

„Ég nýt framan

– segir Friðrik Stefánsson, nýkrýndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Friðrik Stefánsson, leikmaður með KFÍ og landsliðsmaður í körfuknattleik, var í gærkvöldi útnefndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 1997. Þessi ungi piltur, sem er aðeins 21 árs að aldri, hefur „blómstrað“ með liði KFÍ síðustu árin, svo að notað sé blómum skrýtt orðalag íþróttafréttamanna, og á ómetanlegan þátt í velgengni liðsins. Hann kom til Ísafjarðar árið 1995 þegar KFÍ var í fyrstu deild og fæstir spáðu liðinu nokkurri frægð eða frama eða höfðu yfirleitt neina sérstaka trú á getu þess – nema auðvitað þeir sem að því stóðu. Á þeirri leiktíð vann KFÍ sig upp í úrvalsdeildina og körfuspekingar landsins spáðu því að liðið færi beinustu leið niður aftur.

Annað kom á daginn. Núna er KFÍ á meðal hinna efstu í úrvalsdeildinni og eina liðið sem hefur látið Grindvíkinga bíta gras á þeirra eigin heimavelli í vetur. „Sérfræðingarnir“ eru nokkuð sammála um að lið Grindavíkur sé langsterkast hérlendis um þessar mundir og hafa spáð því sigri bæði í deildinni og bikarnum. Í bikarkeppninni er lið KFÍ komið í úrslit og mun einmitt leika úrslitaleikinn við sjálfa Grindvíkinga í Laugardalshöllinni í Reykjavík um aðra helgi.

Laus og liðugur!

Friðrik var valinn í íslenska landsliðið í körfubolta nú í vetur og hefur síðan spilað sex landsleiki, þann fyrsta í nóvember á móti Hollendingum í Evrópukeppninni, síðan á móti Eistum og Króötum í sömu keppni og loks tók hann þátt í móti landsliða í Lúxemborg um jólin. Hann er einhleypur, laus og liðugur að eigin sögn og „skoðar bara hvaða fiskar eru í vatninu hverju sinni“.

„Vona að þeir sjái eftir því núna“

Þessi ungi maður fluttist til Ísafjarðar frá Vestmannaeyjum, þar sem hann er upprunninn. Þegar hann var sextán til átján ára lék hann með KR í Reykjavík en sneri síðan aftur heim til Eyja, en þar er staða körfuboltans ekki líkt því eins styrk og í fótboltanum og handboltanum. „Það gekk einfaldlega ekki upp að vera hjá KR“, segir Friðrik. „Þeir vildu ekki liðsinna manni á nokkurn hátt. Ég var í skóla að hluta fyrri veturinn hjá þeim en ætlaði að vinna með seinni veturinn. En þeir nenntu ekki einu sinni að hjálpa mér til að fá vinnu. Ég vona bara að þeir sjái eftir því núna.“

Þegar Friðrik er spurður hvað hafi valdið því að hann fluttist hingað til Ísafjarðar og fór að leika með KFÍ er svarið einfalt: „Sannfæringarmáttur Guðjóns Þorsteinssonar.“

– Hvernig birtist sá sannfæringarmáttur?

„Hann hringdi í mig til Eyja þegar ég var nýhættur að spila með KR og var bara heima að vinna. Ég settist niður og spjallaði við foreldra mína og þeim fannst það bara ágætis hugmynd að ég færi til Ísa-

mín best fyrir mikið af fólki“

fjarðar.“

– Gaui hefur þá væntanlega séð í þér eitthvað sem aðrir sáu ekki á þeim tíma, að minnsta kosti ekki KR-ingar...

„Nei, ég held nú að einhver hafi bent honum á mig. Síðan plataði ég líka Hrafn Kristjánsson, sem lék með KR til fleiri ára, til þess að koma hingað með mér.“

– Þegar þú komst hingað árið 1995 voru Ísfirðingar ekki mjög hátt skrifaðir í körfunni. Áttirðu nokkra von á þessum uppgangi og krafti sem hér hefur verið síðan?

Ég vil bara vinna!

„Það held ég varla. Ég held að ég hafi ekki gert mér neinar væntingar í því efni. Þær einu væntingar sem ég geri eru einfaldlega að vinna hvern leik fyrir sig. Ég er líklega einhver tapsárasti maður í heimi. Ég vil bara vinna! Það er kannski núna fyrst, þegar við erum komnir í úrslit í bikarnum, sem einhverjar væntingar um titla eru að koma til sögunnar.“

– Hvernig ætli stemmningin verði á úrslitaleiknum í „Borgar-ísjakanum“ 14. febrúar?

„Það verður sko trompað!“

– Ertu kvíðinn fyrir leiknum?

„Nehei. Ég nýt mín best fyrir framan mikið af fólki.“

– Ber yfirleitt nokkuð á minnimáttarkennd innan hópsins fyrir úrslitaleikinn?

„Við erum búnir að spila svo þétt undanfarið, að ég held að við séum varla búnir að gera okkur grein fyrir því hvað við erum að fara út í. Við gerum það varla fyrr en þar að kemur. Þetta er búin að vera gífurleg keyrsla að undanförnu, sérstaklega hjá nokkrum okkar í liðinu sem höfum verið að spila meira en bara með KFÍ. Enda er líkaminn aðeins farinn að láta vita af sér!“

Fjórir leikir á átta dögum

– Þið mörðuð Þór fyrir norðan á fimmtudaginn í síðustu viku og það var þriðji leikurinn á fimm dögum...

„Já, það var sætur sigur, miðað við hvað við vorum í rauninni lélegir.“

– Og fjórði leikurinn á átta dögum var síðan á móti KR hérna heima á sunnudagskvöldið. Þá var keyrslan upp úr flensunni sýnilega farin að taka sinn toll af liðinu. En þú gerir fleira hér fyrir vestan en spila körfubolta...

„Já, ég vinn í línudeildinni hjá Pósti og síma.“

– Og átt væntanlega auðveldara en ýmsir aðrir með að ná upp í línurnar...

„Ég er stundum sendur í „háu“ verkefnin.“

– Hvað ertu hár?

„Ég er rétt rúmlega tveir metrar. Segjum bara tveir metrar.“

– Hverju ætli megi helst þakka þennan árangur hjá KFÍ á síðustu árum?

„Aðallega þessum köllum sem eru að vinna í kringum þetta, Jonna og Gauja og öðrum í stjórninni og stuðningsmönnum okkar yfirleitt. Það væri gott ef hægt væri að græða slíkan áhuga í okkur leikmennina! Ég vildi að ég hefði sjálfur eins mikinn áhuga á körfubolta og margir af þessum mönnum. Og svo eigum við auðvitað mikið að þakka fyrirtækjunum sem eru bakhjarlar okkar, sérstaklega Pizza 67, Hamraborg og Íslandsbanka og mörgum öðrum. Þetta er vissulega mjög dýr deild að reka.“

Talaðu við ofninn þarna um pólitík

– En fyrir utan körfuboltann og línuvinnuna, hvað hefurðu helst fyrir stafni?

„Það kemst ekkert að nema körfuboltinn! Maður er að skoða leiki og undirbúa sig. Eða einfaldlega að slappa af. Það er líka nauðsynlegt.“

– Ég hef grun um að þú hafir ekki mikinn áhuga á pólitík...



Friðrik í leik með KFÍ.

„Ef þú ætlar að ræða við mig um stjórnmál, þá geturðu alveg eins snúið þér að ofninum þarna og spjallað við hann! Að vísu hef ég kannski ekki lagt nógu mikið á mig til að skilja stjórnmálin, en mér finnast þau alveg ægilega vitlaus. Þetta geta reyndar verið flottar sápuóperur. Ég get ekki sagt að ég hafi mikið álit á stjórnmálamönnum yfirleitt, þó að þetta sé sjálfsagt besta fólk.“

– Þegar þú ert að skoða leiki, eru það þá leikir væntanlegra andstæðinga eða ykkar eigin leikir, eða leikir t.d. í NBA-deildinni?

„Bara allt, bara eins mikill bolti og kemst í æðina á manni.“

Jordan batnar með árunum eins og Guðni

– Hver er besti körfuboltamaður í heiminum núna?

„Það er Michael Jordan. Ekki spurning.“

– Er hann ekkert orðinn of gamall?

„Nei, ætli hann sé ekki eins og Guðni þjálfari, hann verður bara betri með árunum. Evrópumegin er Dominique Wilkins bestur, Kani sem spilar á Ítalíu. Það er venjan þegar talað er um þá bestu í körfunni að nefna annars vegar körfuboltann Ameríkumegin og hins vegar Evrópumegin. Þeir sem spila í Evrópuboltanum eru farnir að narta í hælana á þessum gaurum í Ameríku. Ég er farinn að kynnast þeim aðeins af eigin raun og búinn að leika á móti mörgum þeirra með landsliðinu. Það eru líka margir Evrópumenn komnir í NBA. Eftir Bosman-úrskurðinn fyrir nokkrum árum opnuðust allar dyr fyrir íþróttamenn, íslenska jafnt sem aðra. Núna rétt fyrir jólin fóru tveir íslenskir leikmenn út til að spila með erlendum liðum og líklegt er að fleiri fylgi á eftir.“

No comment

– Er hætta á því að missa þig til útlanda í atvinnumennsku áður en langt um líður?

„Mig? No comment. Ég vil halda öllu slíku fyrir sjálfan mig.“

– Þú stóðst vissulega undir væntingum bæði þínum og annarra í landsleikjunum sex í vetur...

„Nei, ekki mínum væntingum! Ég get sagt það af fullri hreinskilni, að ég geri gríðarlegar kröfur til sjálfs mín og verð líklega aldrei ánægður með sjálfan mig, alveg sama hvort aðrir eru það eða ekki. Ég vil hafa allt hundrað prósent.“

– Heldurðu að KFÍ hafi úthald til þess að vera á meðal hinna bestu um árabil eða er þetta bara bóla sem springur áður en varir?

„Það er ekki óeðlilegt að svona sé spurt. Ennþá er þörf fyrir sterka aðkomumenn til þess að styrkja liðið, en mig grunar að þess gerist ekki mikil þörf í mörg ár í viðbót. Hins vegar er það alveg undir áhuga og stuðningi fólks og fyrirtækja komið, hvort þetta reynist bara bóla eða eitthvað meira. Vissulega hefur maður séð í öðrum byggðarlögum dæmi um áhugann og kraftinn í kringum þetta allt á meðan liðin eru að koma upp, en svo hefur það dalað aftur. Ég hef trú á því að körfuboltinn sé kominn hingað á Ísafjörð til að vera, þó að ég þori reyndar ekki að spá neinu um hvað kann að gerast. Hins vegar sýnist mér langt í land að fótboltinn hér nái að blómstra á landsvísu, þó að Ernir séu mitt félag. Þetta tekur langan tíma að byggja allt svona upp.“

Spilar golf en getur ekki raskat

– Hefurðu verið í fleiri íþróttagreinum en körfuboltanum?

„Ég spilaði bæði fótbolta og handbolta, en er hættur því. Nú lifi ég bara fyrir körfuna.



Friðrik Stefánsson.

Svo leik ég golf á sumrin, en ég get bara ekki raskat!“

– Ertu ánægður með íþróttahúsið hér á Ísafirði, Klakahöllina, Klakann, Ísjakann eða Jakann eða hvað það er nú kallað?

„Þetta er frábært hús, eitt af þeim bestu á landinu. Það er hreinn draumur að spila hérna á Ísafirði. Hér er allt sem þarf: Gott gólf, góðar körfur, frábærir áhorfendur og mikill áhugi. Þetta er allt sem maður getur óskað sér til að spila körfubolta, að minnsta kosti á Íslandi. Ég spilaði landsleik í Eistlandi í vetur, þar sem voru þúsund áhorfendur. Hér þyrfti ekki nema ef til vill 400 manns til að yfirgnæfa þann hóp og voru þó lætin þar töluverð.“

Nærri dauður hjá KR

– Mörgum íþróttagreinum fylgir mikið álag á líkamann, í körfuboltanum ekki síst á fæturna og hnén. Guðni þjálfari er til dæmis farinn að vita vel af löppunum á sér eftir langan feril í fremstu röð með félagsliðum og landsliði. Ert þú ekkert hræddur um að slíta þér út fyrir aldur fram með þessu?

„Auðvitað fylgja þessu álag og meiðsli. Ég spilaði í fyrra meiddur á ökla og núna er ég meiddur í öxlinni. En þegar ég er orðinn gamall, þá hugsa ég bara til baka hvað þetta hafi nú verið gaman! Þegar ég spilaði með KR lenti ég í slysi, þegar ég reif niður uppistöður á körfu og fékk allt draslið yfir mig. Ég slapp með heilahristing og 25 cm skurð á hausnum, en mér var sagt á eftir, að hefði ég lent fimm sentimetrum til hliðar, þá hefði andlitið á mér höggvist í sundur og þar með hefði ég verið dauður. Ég var ekki orðinn sautján ára. Maður sá kannski lífið í nýju ljósi eftir þetta og hugsaði sinn gang. Ég var skíthræddur við að fara í körfubolta í dálítinn tíma á eftir.“

Klikkaður uppi í stúku í ellinni

– Hvað ætlarðu að taka þér fyrir hendur þegar þú ert hættur að spila körfubolta?

„Þá ætla ég að vera klikkaður uppi í stúku! Nei, annars, það liggur vissulega fyrir að halda áfram skólagöngu, en til þess verður maður að hafa áhuga. Það er allt of margt ungt fólk sem hangir í skólum án þess að hafa nokkum áhuga og lætur bara mömmu og pabba borga. Þá er ekki von á neinum árangri. Ég var um tíma í Reykjavík í námi sem ég hafði nákvæmlega engan áhuga á. Ég vildi bara vera í körfunni.“

– En svo kemur áhuginn einn góðan veðurdag og þá gengur þú í námið með sama kraftinum og kröfuhörkunni og þú sýnir í körfunni...

„Ég vona það. Vissulega hefur komið til álita að fara til Bandaríkjanna að læra og vera þar á fullum námsstyrk. Ég hef þann möguleika ennþá, þó að ég geti ekkert sagt um það á þessari stundu. Þetta er allt spurning um áhugann.“

-Hlynur Þór Magnússon.

Þorrablót eldri borgara á Hlíf, íbúðum aldraða

Ljúffengur þorramatur og ekta harmonikkuball

Íbúar á Hlíf, íbúðum aldraða á Ísafirði og starfsfólk Hlífar efndu til síns árlega þorrablóts síðastliðið föstudagskvöld. Líkt og undanfarin ár var fjölmenni á blótinu en á níunda tug gesta blótuðu Þorra á viðeigandi hátt í húsakynnum Hlífar þetta kvöld. Auk þess sem gestir nutu ljúffengs þorramats, var fjölmargt til skemmtunar, flutt af starfsfólki og íbúum Hlífar. Að lokum var stiginn dans við undirleik félaga úr Harmonikkufélagi Vestfjarða, sem voru upp á sitt besta á þorrablótinu. Ljósmyndari blaðsins kom við á þorrablótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Starfsfólk Hlífar skemmti sér vel á þorrablótinu.

Björney Björnsdóttir og Helga Pálsdóttir kunnu vel að meta þorramatinn.

Það gerðu einnig þær Hulda Guðmundsdóttir, Elín Árnadóttir og Margrét Guðbjartsdóttir.

Ísfirsk ungmenni stofna Listafélagið Andrúm

Kynnir lista- og menningarstarfsemi unga fólksins

Síðastliðinn laugardag fór fram í Tjöruhúsinu á Ísafirði, formlegt stofnhóf Listafélagsins Andrúms, sem er félag ungs fólks á Ísafirði, sem hefur það að markmiði að efla áhuga ungs fólks á hvers kyns listum, koma ungu vestfirsku listafólki á framfæri sem og að efna til listviðburða þar sem Vestfirðingum gefst kostur á að kynnast listum ungs fólks víðsvegar að af landinu. Í stofnhófið mættu nokkrir tugir ungmenna auk fulltrúa frá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og annarra gesta og var góður rómur gerður að framtaki aðstandenda félagsins.

Í fréttatilkynningu sem blaðinu barst frá félaginu segir: „Hugtakið tími er alls ekki einfalt hugtak. Tími er mælistika okkar á framvindu rýmisins, og fræg eru orð Albert Einstein um að heimurinn sé fjórvíð samfella tíma og rúms. Tími og rúm eru sem sagt undirstaða alls. Ef framvinda rýmis er stöðvuð er hin fjórvíða samfella Einsteins stöðnuð. Virkja þarf rýmið til þess að koma í veg fyrir stöðnun, því þegar saman koma orkuríkt rými og hin eilífa framvinda hugans, þá skapast hið eftirsóknarverða ástand; menning. Og til þess að skapa rými fyrir þessa framsæknu framvindu andans höfum við blásið í herlúðrana og stofnað félagsskapinn Andrúm.”

Einn af forkólfum Listafélagsins Andrúms er Kristján Freyr Halldórsson, bæjarfulltrúi Funklistans í Ísafjarðarbæ. „Tilgangur félagsins er að efla hverskyns lista- og menningarstarfsemi ungs fólks í sveitarfélaginu. Það er fjöldi ungmenna í sveitarfélaginu í allskonar listsköpun og þeirra hængur er að koma sér á framfæri. Andrúmi er ætlað að bæta þar úr sem og að gefa vestfirskum ungmennum kost á að kynnast þeirri listsköpun sem ungt fólk er að vinna að víðsvegar um landið. Félagið á í viðræðum við ákveðna aðila hér á Ísafirði um leigu á húsnæði undir starfsemina en á þessari stundu er ekki hægt að greina nánar frá því,” sagði Kristján Freyr í samtali við blaðið.

Sigríður Steinunn Axelsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir bæjarfulltrúi, Ólafía Aradóttir og Helga Friðriksdóttir voru á meðal gesta í stofnhófinu.

Hann sagði ennfremur að fyrsta verkefni félagsins yrðu tónleikar með þremur stórhljómsveitum sem haldnir verða í kaffisal Norðurtangans kl. 21 á laugardagskvöld.

„Við ætlum að slá til tónleikahalds þar sem kynntar verða þrjár góðar hljómsveitir af höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta skal nefna Maus, sem gaf út góða og metnaðarfulla plötu fyrir síðustu jól, Kolrössu Krókríðandi og hljómsveit sem notið hefur mikillar athygli í Reykjavík og er talin með framsæknustu sveitum í dag en það er hljómsveitin Sigurrós. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Nemendafélag Framhaldsskóla

Högni Sturluson, íbúi á Hlíf var ánægður með þorramatinn, enda hin besta fæða að mati eldra fólksins.

Þórður Einarsson og Ágúst H. Guðmundsson mættu til blótsins ásamt vinkonu Ágústar, Guðrúnu Sigurjónsdóttur.

Bjarney Ólafsdóttir og Sigríður Kristjánsdóttir kunna vel að meta þorrablótin á Hlíf.

Þar voru einnig þeir Björn Teitsson, skólameistari Framhaldsskóla Vestfjarða og Kristinn Jón Jónsson, annar tveggja bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Kristján Freyr Halldórsson, Valdimar Jóhannsson og Ásgeir Sigurðsson tóku nokkur lög á stofnhófinu en þeir hafa komið fram opinberlega undir nafninu Vonarbræður

Vestfjarða en árshátíð skólans verður haldin á föstudagskvöld," sagði Kristján Freyr.

Hann sagði að til stæði að kynna félagið í skólum sveitarfélagsins sem og í fjölmiðlum og vildi hann hvetja ungt listafólk í sveitarfélaginu til að hafa samband við sig, Kristinn Hermannsson eða Smára Karlsson til frekari kynningar á listsköpun þeirra.

Eiríkur Örn Nordahl, Bjarni Valdimarsson, Páll Janus Hilmarsson og Hálfdán Bjarki Hálfdánarson voru ánægðir með stofnun félagsins.

Prófkjör og sjómannaverkfall

Þá er það yfirstaðið, prófkjör Reykjavíkurlistans. Miðað við aðstæður tókst það nokkuð vel. Fáir eru sárir að frátöldum borgarfulltrúum sem ekki komust að vegna skipulags prófkjörsins. Þannig féllu Pétur Jónsson krati og Árni Þór Sigurðsson allaballi úr öruggu sætunum. Guðrún Ágústsdóttir er einnig ósátt við árangur sinn, en hún hafnaði í fimmta sæti. Framsóknarmenn leiða ekki lengur listann heldur Alþýðubandalagið. Helgi Hjörvar var óumdeildur sigurvegari. Hrannar Björn Arnarsson náði efsta sæti í hólfi Alþýðuflokks. Helgi Pétursson fyrrum framsóknarmaður náði hinu sæti kratanna.

Fróðlegt er að rifja upp að þeir félagar Helgi Hjörvar og Hrannar Björn eru forsvarsmenn Grósku og báðir áttu sín fyrstu skref í Alþýðubandalaginu. Nú yfirtaka þeir Reykjavíkurlistann eins og ekkert sé. Reyndar vekur það efasemdir um hólfuð prófkjör. Prófkjör ættu að miðast við það að einstaklingar geti keppt á jafnréttisgrundvelli en ekki í flokkahólfum eða landsvæða eins og sums staðar hefur verið gert.

Loðna leiðin

Engin leið er að spá fyrir um úrslit kosninga, en takist R listanum að svæfa óánægju borgarfulltrúanna sem töpuðu gæti hann flotið á bylgju eigin ánægju yfir úrslitunum. Sjálfstæðisflokkurinn á að minnsta kosti nokkurt starf fyrir höndum til að hafa betur. Athyglisverðust er þó sú staðreynd að prófkjörið núna sýnir kannski best að skil milli flokka á vinstri væng stjórnmálanna og á hægri vængnum eru orðin óskýr. Ef eitthvað skilur í pólitík eru það skil milli kynslóða.

Þau skil eiga eftir að verða gleggri og renna upp innan skamms á ný. Því er spáð hér að tími manna í pólitík mun reynast skemmri hér eftir en hingað til. Þar ræður hið sterka kastljós fjölmiðlanna ef til vill mestu. Áður en umhugsunarfrestur gefst í átakamálum eru fjölmiðlarnir mættir og krefja svara. Mörgum reynist erfitt að halda áttum þegar svara er krafist strax án undanbragða.

Hér er þó ekki við fjölmiðlana að sakast, að minnsta kosti ekki eingöngu. Þeir sem verða fyrir svörum bera ábyrgðina. Það er athyglisvert að skoða ummæli ungu mannanna í þessu ljósi. Svörin eru mjúk og ekki afgerandi. Það er kannski nýi stílinn, hæfilega mjúkur og loðinn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið fremur afgerandi en hitt. R listinn hefur hitt á loðnu leiðina. Spurningin er því sú hversu lengi kjósendur eða meirihluti þeirra sættir sig við hana. Ef umburðarlyndið nær fram yfir kosningar þarf ekki að spyrja að leikslokum.

Vélstjórar á villigötum

Sjómannaverkfallið er vont. Ekki endilega vegna þess að samúð landkrabbana sé horfin í þeirra garð. Sjómannaverkfallið er vont vegna þess að það hefur áhrif á allt þjóðlífið og kemur niður á allri þjóðinni án þess að hún fái nokkru um það ráðið og hún hafi til þess unnið. Það er líka vont vegna þess að það kemur niður á sjómönnum sjálfum þegar til lengri tíma er litið. Yfirleitt tapa allir á verkföllum og þetta verður ekki undantekning nema síður sé.

Það sem vekur athygli nú er sá hnútur sem samningaviðræður hafa hlaupið í vegna sérstöðu og sérkrafna vélstjórafélagsins. Fyrir mörgum árum klufu vélstjórar sig út úr Faramanna- og fiskimannasambandinu. Vélstjórafélag Íslands taldi sig ekki eiga samleið með FFSÍ. Nú hafa þeir valið að undirstrika þessa sérstöðu og vilja brjóta upp hlutaskipti áhafnar, sem hafa gilt í átta áratugi. Öllum má vera það ljóst að slík krafa á engan hljómgrunn nema meðal vélstjóra, ef hún á þar almennan hljómgrunn á annað borð.

Ekki verður annað séð en vélstjórar undir forystu Helga Laxdal séu á algerum villgötum. Samtök þeirra virðast villuráfandi án nokkurs skynsamlegs markmiðs í þessum efnum. En auðvitað eiga þau ein ekki alla sök. En varla verður samið meðan ekki næst að kalla fulltrúa allra sjómanna að samningaborðinu í einu. Sjómenn eiga mikið verk fyrir höndum, að ná saman og ná samstöðu. Vélstjórar eru ekki öfundsverðir í þessari stöðu. Þeir munu verða kallaðir blórabögull í þeim hnút sem samningaviðræðurnar eru nú í.

Hærra verð?

En það sem vekur sérstaka athygli er krafa sjómanna um það að útvegsmenn semji um hærra fiskverð. Kannski er sú krafa réttmæt, en hinu má ekki gleyma að seljandi vöru getur ekki samið um það við starfsfólk sitt, til dæmis í verksmiðju, að ganga skuli út frá ákveðnu verði fyrir vöru, sem enn hefur ekki verið framleidd og seld.

Hitt þarf að skoðast sérstaklega, að kvótakerfið er að sögn sjómanna undirrót verkfallsins, það er að segja svokallað kvótabrask. Um hvað var þá deilt og hver var orsökin í fyrri verköllum?

-Stakkur

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu er **Panasonic** MS-4, Super VHS myndbandstökuvél fyrir stórar spólur. Upplýsingar í síma 456 5252 eftir kl. 19.

Til sölu eru 110 sm og 140 sm **skíði með bindingum.** Á sama stað eru til sölu 90 sm og 130 sm skíði án bindinga, gönguskór nr. 36 og stórsvigsgalli nr. 176. Upplýsingar í síma 456 4121.

Til sölu eða leigu er **3ja herbergja íbúð** í Stórholti. Verð kr. 5.900.000. Upplýsingar í síma 456 4727.

Unglingastarf BÍ'88 vantar tölvu 386 eða 486 án margmiðlunar og/eða prentara ódýrt eða gefins. Upplýsingar hefur Hermann í síma 456 3179 eftir kl. 19.

Til sölu er **Nissan** KingCab árg. 1992, ekinn 71 þús.km. Ásett verð kr. 890.000. Upplýsingar í síma 561 8322 eftir kl. 19.

Til sölu er **stuttur Toyota** Landcruiser, bensín, árg. 1988. Ekinn 140 þús. km. Nýsprautaður. Engin skipti. Upplýsingar í síma 456 5902.

Til sölu er húseignin að **Seljalandsvegi 68** á Ísafirði. Um er að ræða 200m² einbýlishús sem er mikið endurnýjað. Upplýsingar í síma 555 4783.

Atvinna! Duglegan og samviskusaman ungling vantar vinnu eftir hádegi. Upplýsingar í síma 456 3030.

Febrúarsýningin er Edinborgarhúsið, efni þess og andi. Pétur G.

Til leigu er 3ja herbergja íbúð að Stórholti á Ísafirði. Laus strax. Upplýsingar í síma 564 5045.

Er að leita að mjög gamalli **saumavél** (fótstiginni), gömlum dúkkuvagni og gömlum ungbarnafötum frá því um 1950. Upplýsingar gefur Edda í síma 456 8290.

Óska eftir að kaupa nýlegan **barnavagn** á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 4277.

Okkur vantar **skíðaskó** nr. 39-40 á strák. Hafið samband við Pálínu í símum 456 3222 eða 456 3598.

Til leigu er 2ja herbergja íbúð við Túngötu á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 3683.

Takið eftir! Tek að mér að taka upp efni á myndbandsspólur t.d. fyrir áhafnir skipa o.fl. Upplýsingar gefur Sigrún í síma 456 8142.

Til sölu er 3ja herbergja íbúð að Túngötu 21 á Ísafirði. Um er að ræða þríbýlishús, sérinngangur, bílskúr. Upplýsingar gefa Elín eða Guðmundur í síma 456 4443.

Til sölu eru tvær friskar **skjaldbökur,** 80 ltr. skjaldbökubúr með hitara og hreinsidælu fylgir með fyrir kr. 7.000. Upplýsingar gefur Sölvi í síma 456 4916.

Í fjáröflunarskyni getum við tekið að okkur ýmis verkefni. 3. bekkur Framhaldsskóla Vestfjarða. Nánari upplýsingar í símum 456 5241 i hádegi og 456 7344.

Til sölu er **Toyota 4Runner** árgerð 1991. Skipti á ódýrari koma til greina. Upplýsingar í síma 456 7564.

Óska eftir **þvottavél**, gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 4307.

Kettlingar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 7788 eftir kl. 19.

Gamla bakaríið
AÐALSTRÆTI 24 ☎ 456 3226 ÍSAFIRÐI

Starfsfólk óskast

Vinnutími fyrir hádegi, eftir hádegi eða allan daginn. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma.

Upplýsingar gefa Rósa eða María á staðnum.

Gamla bakaríið.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DHL-deildin í körfuknattleik

KR-ingar sigruðu KFÍ-menn

Frá leiknum gegn KR. Í þeim leik líkt og í öðrum leikjum KFÍ var David Bevis yfirburðamaður á vellinum.

KR-ingar sigruðu KFÍ-menn með 89 stigum gegn 72 í leik liðanna sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudagskvöld. Í upphafi var jafnræði með liðunum en um miðan fyrri hálfleik náðu KR-ingar 15 stiga forystu sem var of breitt bil fyrir baráttulausa KFÍ-menn.

Í byrjun virtist stefna í hörkuleik og jafnt var fram undir miðjan fyrri hálfleik. Þá var eins og leikmenn KFÍ hefðu tekið sér frí um stund og KR-ingar gengu á lagið og nánast völtruðu yfir heimamenn. Leiknum gegn KR vilja KFÍ-menn að öllum líkindum gleyma sem fyrst en ljóst er að liðið verður að taka sig verulega á ef liðið ætlar sér í úrslitakeppnina. Líkt og í öðrum leikjum KFÍ var David Bevis yfirburðarmaður og skoraði yfir þrjátíu stig.

KFÍ lék á móti Þór frá Akureyri á fimmtudag í síðustu viku og náðu að knýja fram eins stigs sigur 72-71. Líkt og í leiknum gegn KR og í leiknum gegn Keflavík, virtist áhugaleysið algjört hjá leikmönnum KFÍ. KFÍ er nú í fjórða sæti deildarinnar með 20 stig, jafnmörg stig og Keflvíkingar. Aðeins fjögur stig skilja að lið KFÍ og þess liðs sem er í sjöunda sæti og því er ljóst að liðið verður að gera mun betur ef stefnan er tekin á úrslitakeppnina.

Vestfirðir - annað og meira

Góð þátttaka í ljósmyndasamkeppni



Besta mynd keppninnar að mati dómnefndar. Ljósmyndarinn er Eggert Marinósson í Reykjavík.

Góð þátttaka var í ljósmyndasamkeppninni sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Ferðamálasamtök Vestfjarða efndu til á síðasta ári. Rúmlega þrjátíu myndir bárust í keppnina og hefur vinningshöfum verið afhent verðlaun sín. Keppt var í sex þemaflokkum og voru alls átta verðlaun veitt. Sex verðlaun fyrir bestu mynd í hverjum flokki og í flokki 2 ,,Lífríki til sjávar og sveita" fengu tvær myndir verðlaun auk þess sem besta mynd keppninnar var valin. Í dómnefnd voru þau Árný Herbertsdóttir, Halldór Sveinbjörnsson og Pétur Bjarnason. Bestu mynd keppninnar átti Eggert Magnússon í Reykjavík. Í flokki um ,,Náttúruperlur á Vestfjörðum" sigraði Lilja Magnúsdóttir á Tálknafirði, í flokki um ,,Lífríki til sjávar og sveita" sigraði Áslaug Þorvalsdóttir Borgarnesi, í flokki ,,Vinir veganna" sigraði Jóhann Björn Arngrímsson Hólmavík, í flokki ,,Saga og minjar" sigraði Steinunn Hjaltadóttir Bandaríkjunum, í flokki ,,Samspil manns og hafs" sigraði Níels Ársælsson Tálknafirði og í flokkinum ,,Líf og fjör á Vestfjörðum" sigraði Lilja Magnúsdóttir á Tálknafirði.

Verðlaunin voru bækur sem gefnar voru af Máli og menningu, Hjálmari R. Bárðarsyni og Bókaverslun Jónasar Tómassonar.

Þessi mynd sigraði í flokknum ,Vinir veganna". Ljósmyndari er Jóhann Björn Arngrímsson á Hólmavík.

Þessi mynd bar sigur úr býtum í flokknum um ,,Náttúruperlur á Vestfjörðum. Ljósmyndari er Lilja Magnúsdóttir á Tálknafirði.

Þessi mynd sigraði í flokknum ,,Lífríki til sjávar og sveita". Ljósmyndari er Áslaug Þorvaldsdóttir í Borgarnesi.

Áfram

Stuðningsmenn KFÍ!
Fjölmennum í Höllina með Flugfélagi Íslands
og sækjum *BIKARINN*

FLUG FRAM OG TIL BAKA **kr. 6.330** m/flugvallarskatti

Miðar á leikinn seldir í afgreiðslu Flugfélags Íslands á Ísafjarðarflugvelli

Bílaleigubíll á frábæru verði!

Flugfélag Íslands býður bílaleigubíl frá ALP á aðeins kr. 3.500
(Innifaldir eru 2 sólarhringar, 200 km akstur, vsk og trygging)

Flug og gisting:

á Cabin Hotel frá kr. 7.500,- (ein nótt m/morgunmat)
á Hótel Loftleiðum frá kr. 8.200,- (ein nótt m/morgunmat)

Allar nánari upplýsingar gefnar hjá Flugfélagi Íslands í síma 456 3000

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

Sjálfstæðisfélag Ísafjarðar

Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags Ísafjarðar verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu (2.hæð) fimmtudaginn 5. febrúar 1998 kl. 20:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Önnur mál.

Stjórnin.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Aðhlynning

Starfsstúlka óskast að Sólborg, hjúkrunarheimili í 60% starf við aðhlynningu. Unnið er á þrískiptum vöktum, frí aðra hverja helgi.

Ennfremur óskast starfsfólk til afleysinga í vaktavinnu og í eldhús. Umsóknarfrestur er til 23. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Jónsdóttir, forstöðumaður í vs. 456 7718 og í hs. 456 7604.

ÍSAFJARÐARBÆR

TILLÖGUR UM NAFN Á LEIKSKÓLANN Á TORFNESI

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar óskar eftir tillögum um nafn á nýja leikskólann á Torfnesi.

Tíu þúsund króna verðlaun verða veitt fyrir nafnið sem verður fyrir valinu.

Tillögurnar skulu berast bæjarráði Ísafjarðarbæjar fyrir 11. febrúar nk.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða

Atvinna

Óskað er eftir starfsmanni í 50% starf til að annast almenn skrifstofustörf og tölvuskráningu hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 456 5660 og á Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Umsóknir sendist til Svæðisvinnumiðlunar fyrir 21. febrúar 1998.

Bolungarvík

Getraun skólablaðs GB

Í desember á síðasta ári stóð skólablað Grunnskóla Bolungarvíkur fyrir getraun í samvinnu við Íslandsflug þar sem verðlaunin voru flugfar fyrir tvo til Reykjavíkur og til baka.

Þann 15. janúar sl., var dregið úr réttum lausnum og reyndist vinningshafinn vera Guðmundur H. Björnsson. Á meðfylgjandi mynd tekur hann við verðlaununum á skrifstofu Íslandsflugs. Á myndinni eru einnig Úlfar Ágústsson, umboðsmaður Íslandsflugs og Margrét Valdimarsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Tópas í Bolungarvík.

Munið

Rossignol skíðavörurnar á 2. hæð Bókahlöðunnar Skátabúðin

Hafís stefnir á siglingaleið út af Vestfjörðum

Ísinn er 14 mílur frá landi

Landhelgisgæslan kannaði hafísbrúnina undan Vestfjörðum á sunnudag og reyndist ísinn þá vera á hreyfingu í austurátt. Næst landi var ísjaðarinn 14 sjómílur norðvestur af Straumnesi og um 30 sjómílur norðvestur af Barða.

,,Það er ástæða til að vara við þessu, því jafnvel þótt ísinn sé dreifður, er hann varasamur í myrkri og stakir jakar sjást illa í ratsjá. Um leið og svona háttar til er því best að vera við öllu búinn," sagði Þór Jakobsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands í samtali við Morgunblaðið.

Fylgst verður með hafísnum á næstunni en spár benda til þess að upp úr miðri þessari viku komi hagstæðari áttir og ísjaðarinn taki þá að hopa.

Morgunblaðið á Netinu

Nýr fréttavefur

Mánudaginn 2. febrúar sl., opnaði nýr Fréttavefur Morgunblaðsins á slóðinni http://www.mbl.is. Hér er um að ræða nýjan fréttamiðil sem flytur fréttir allan daginn, jafnvel á sama tíma og atburðir gerast, sem notendur Netsins geta fylgst með þegar þeim hentar.

Fréttavefur Morgunblaðsins er öllum opinn og hægt er að velja flokka innan vefsins; innlendar fréttir, erlendar fréttir, viðskiptafréttir og íþróttafréttir.

Eins og heiti vefsins gefur til kynna þá er um að ræða fréttir en ekki allt efni Morgunblaðsins. Verður því áfram boðið upp á áskrift að Morgunblaðinu á Netinu. Þar er mest allt efni blaðsins hvern útgáfudag, þ.e. auk frétta, aðsendar greinar, minningargreinar, menningarumfjöllun, öll sérblöð blaðsins, leiðari, Reykjavíkurbréf, Bréf til blaðsins, Velvakandi, Víkverji og fleira auk aðgangs að hinu mikla Gagnasafni Morgunblaðsins.



Helgar-dagskráin

Helgar-veðrið

Helgar-sportið

FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Valtað yfir pabba (e)
14.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.10 Oprah Winfrey (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Steinþursar
16.50 Með afa
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Ljósbrot
20.40 Glæfraspil
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Stræti stórborgar (19:22)
23.40 Valtað yfir pabba (e)
01.25 Brostin bönd (e)

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
13.00 Stræti stórborgar (19:22) (e)
14.20 Celine Dion í hljóðveri
15.30 NBA tilþrif
16.00 Skot og mark
16.25 Töfravagninn
16.50 Steinþursar
17.15 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Tónlistarmyndbönd
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Lois og Clark (19:22)
20.55 Algjör plága
22.35 Stúlka sex
00.25 Brestir (e)
02.10 Óþekktar aðstæður (e)

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

Um helgina

Hljómsveitin

SÓMA

Föstudagskvöld 16 ár
Laugardagskvöld 18 ár

KRÚSIN

DISKÓTEK

Föstudags- og laugardagskvöld
til kl. 03

Öll gömlu góðu lögin í hávegum höfð!

Ísafjarðarbíó

GI JANE
Fimmtudag og
föstudag kl. 9

PEACEMAKER
Sunnudag kl. 10
eftir leik KFÍ - og
mánudag kl. 9

HERCULES
Sunnudag kl. 3 og 5
Síðustu sýningar!

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?



Opnunartími í Vídeóhöllinni
Frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30 alla daga
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!

Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin
– við Norðurveg
456 4853

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Bíbí og félagar
09.55 Tasmanía
10.45 Andinn í flöskunni
11.10 Sjóræningjar
11.35 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.30 NBA molar
13.30 Úlfhundurinn Baltó
14.50 Enski boltinn
16.50 Oprah Winfrey
17.35 Glæstar vonir
18.00 60 mínútur (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Vinir (25:25)
20.30 Cosby (16:25)
21.00 Nagandi óvissa
Bandarísk gamanmynd frá 1996 um fjölskyldu, kynlíf, ást og önnur slysaleg atvik.
22.35 Sýndarmennið
Bandarísk spennumynd frá 1995 sem gerist í Los Angeles árið 1999.
00.25 Engin leið til baka (e)
02.10 Afdrifarík ferð (e)

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Ævintýri Mumma
09.45 Tímon, Púmba og félagar
10.10 Gengið
10.35 Spékoppur
10.55 Úrvalsdeildin
11.20 Ævintýrabækur Enid Blyton
11.45 Madison (19:39) (e)
12.10 Tónlistarmyndbönd (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 DHL-deildin
17.30 Glæstar vonir
18.00 Barbara Walters (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Seinfeld (20:24)
20.50 Heima
21.20 Fýkur yfir hæðir
23.10 NBA-stjörnuleikurinn

FIMMTUDAGUR

10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (13:13)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.05 Frasier (19:24)
21.30 ...þetta helst
22.10 Ráðgátur (18:18)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Króm

FÖSTUDAGUR

16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (28:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (11:26)
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.10 Valmynd mánaðarins
1. Ísmaðurinn
2. Dómsdagur
3. Nýtt hlutverk
22.55 Herstöðin
Bandarísk spennumynd frá 1988.
00.35 Ráðgátur (18:18)
01.20 Stuð í stofunni
02.00 ÓL í Nagano
Bein útsending frá setningarhátíð ólympíuleikanna í Nagano í Japan.
04.00 Útvarpsfréttir

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Viðskiptahornið
10.50 Þingsjá
11.15 ÓL í Nagano
13.20 Bikarkeppni kvenna í handbolta
14.50 Þýska knattspyrnan
16.20 Bikarkeppni karla í handbolta
18.00 Dýrin tala (21:39)
18.30 Hafgúan (8:26)
19.00 Ólympíuhornið
19.30 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Hafnaboltahetjan
(The Babe)
Bandarísk bíómynd frá 1992 um hafnaboltahetjuna Babe Ruth.
23.15 Fíkniefnasalinn
(Pusher)
Dönsk spennumynd frá 1995 um raunir fíkniefnasala í undirheimum Kaupmannahafnar.
01.00 ÓL í Nagano

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
12.30 Markaregn
13.30 ÓL í Nagano
15.00 Þrjú-bíó
Maja steinandlit
16.25 Orson Welles hjá Böskum
16.55 Dario Fo
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
18.00 Stundin okkar
18.30 Milli vina (3:11)
19.00 Ólympíuhornið
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Sunnudagsleikhúsið
Blóðruveldið:
21.00 Veisla í farangrinum
21.35 Friðlýst svæði og náttúruminjar
21.55 Sverðið og ástin
23.35 Markaregn
00.35 ÓL í Nagano

NRK 1

Föstudagur 6. febrúar kl. 02:00-04:00
Opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Nagano
Laugardagur 7. febrúar kl. 13:00
Runar - Sandefjord í handbolta
Laugardagur 7. febrúar kl. 23:45-05:00
Ólympíuleikarnir í Nagano
Sunnudagur 8. febrúar kl. 23:45-08:30
Ólympíuleikarnir í Nagano

CANAL+ NOREGUR

Miðvikudagur 4. febrúar kl. 01:55
Heimsbikarkeppnin á skíðum í Sapporo

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 7. febrúar kl. 14:45
Enski boltinn
Sunnudagur 8. febrúar kl. 07:00-11:00
Ólympíuleikarnir í Nagano

TV3 - NOREGUR - DANMÖRK-SVÍÞJÓÐ

Sunnudagur 8. febrúar kl. 13:00
Bein útsending frá ítalska boltanum

Á fimmtudag:
Hvöss suðaustanátt sunnan og vestan til en annars hægari. Snjókoma, fyrst vestantil.

Á föstudag:
Hvöss norðaustanátt og snjókoma á norðvestanverðu landinu en mun hægari austan- og sunnanátt með slyddu annars staðar.

Á laugardag:
Norðaustanátt og élja-gangur.

Á sunnudag og mánudag:
Lítur út fyrir sunnan hvass-viðri og rigningu.

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Allir togarar Ísfirðinga eru komnir til hafnar, þeirra á meðal frystitogarinn Júlíus Geirmundsson sem sést að veiðum á myndinni hér að ofan, en eins og kunnugt er hófst verkfall á fiskiskipaflotanum á miðnætti á mánudagskvöld.

Verkfall sjómanna á íslenska fiskiskipaflotanum er hafið

Verkfallið hefur áhrif á vinnu fiskvinnslufólks um land allt

Verkfall sjómanna á íslenska fiskiskipaflotanum hófst á miðnætti á mánudagskvöld. Sáttafundir sem haldnir voru um helgina og fram á kvöld á mánudag skiluðu ekki árangri og hefur afstaða deiluaðila til stærsta ágreiningsmálsins, verðmyndunar á fiski, lítið breyst. Verkfallið nær til á fimmta þúsund sjómanna um land allt þar af til á annað hrundrað sjómanna við Ísafjarðardjúp.

Þær upplýsingar fengust hjá Ísafjarðarhöfn í gærdag að öll skip sem koma myndu til hafnar á Ísafirði, væru komin til hafnar og sömu sögu er að segja úr öðrum höfnum á Vestfjörðum. Ef verkfall dregst á langinn getur það haft víðtæk áhrif, sérstaklega hvað varðar vinnu fiskvinnslufólks og hjá þeim fyrirtækjum sem þjónustað hafa skipin.

Að sögn Jóns Kristmannssonar, yfirverkstjóra hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf., er til nægjanlegt magn sjávarfangs á þeim bæ til að halda úti atvinnu um þriggja vikna skeið en hjá Hraðfrystihúsinu hf., í Hnífsdal er til bolfiskur til viku vinnslu.

„Við verðum ekki varir við verkfallið fyrr en eftir 3-4 vikur. Við eigum nægt magn til vinnslu út þessa viku og fram í þá næstu af þeim skipum sem lönduðu í dag (þriðjudag) og síðan eigum við um 350 tonn af frystum fiski, aðallega Rússafiski. Ég vona að verkfallið standi ekki lengur en hráefni er fyrir hendi," sagði Jón Kristmannsson.

Hjá Hraðfrystihúsinu hf., í Hnífsdal er til hráefni í bolfiski út þessa viku. „Við höfum hráefni út þessa viku í frystihúsinu og eitthvað lengur í rækjuvinnslunni. Það er því ljóst að það starfsfólk sem starfar í frystihúsinu verður atvinnulaust í næstu viku," sagði Konráð Jakobsson, hjá Hraðfrystihúsinu hf., í samtali við blaðið.

Svipaða sögu mun vera að segja frá öðrum frystihúsum á Vestfjörðum ef frá eru talin frystihús „Rauða hersins" en þar mun vera til nægt magn af Rússafiski.

Heimilt er að færa starfsfólk fiskvinnslufyrirtækja af launaskrá með eins sólarhrings fyrirvara vegna hráefnisskorts af völdum verkfalla og færa það beint yfir á atvinnuleysisbætur. Fari fólk á bætur verður þar um álagslausan dagvinnutaxta að ræða, um 50 þúsund krónur á mánuði, en í dag fær fiskvinnslufólk að lágmarki um 70 þúsund krónur á mánuði fyrir dagvinnu og fastar uppbætur.

Ríkisstjórnin bíður átekta með aðgerðir en verkfallið var rætt á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. Dragist verkfallið á langinn má búast við að sett verði lög til að stöðva það.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Sækjum
Bikarinn
suður
14. febrúar

Stríp-
maskararnir
komnir -
margir
litir
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Áfram KFÍ!
Allir í Höllina
14. febrúar
Flug:
Verð frá kr. 5.900,-
Flug og gisting:
Cabin Hótel frá kr. 7.400
Grand Hótel frá kr. 7.300
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

PÓLLINN HF.
Tilboð á Siemens heimilistækjum!
Verðhrun á vídeótækjum
Verð frá kr. 18.900,-
PÓLLINN HF.
Sími 456 3092 • Verslun 456 4594
Starfsmann vantar
í verslun okkar
þekking á tölvum æskileg
Upplýsingar veitir Hermann